



## FÉLAG ÍSLENSKRA BARNALÆKNA

Reykjavík mars 2018

**Efni: Umsögn um frumvarp til alaga um almenn hegningarlög (bann við umskurði drengja), 114. Mál.**

Allsherjar og menntamálanefnd Alþingis,

Með bréfi þessu lýsir Félag íslenskra barnalækna yfir stuðningi við greinargerð yfirlækna Barnaspítala Hringins sem hefur nú þegar borist nefndinni. Félagsmenn eru andvígir umskurði á börnum sem ekki eru á læknisfræðilegum grundvelli en efasemdir eru um refsiramma frumvarpsins.

Virðingafyllst,

f.h. Félags íslenskra barnalækna

Valtýr Stefánsson Thors, formaður

Brynja Kristín Þórarinsdóttir, ritari

Soffía G. Jónasdóttir, gjaldkeri

Ólafur Heiðar Þorvaldsson, varamaður



Reykjavík, 25. mars 2018

Valtýr S. Thors  
formaður Félags íslenskra barnalækna  
Barnaspítala Hringins  
Landspítala v/ Hrigbraut  
101 Reykjavík

**Efni:** Umsögn á frumvarpi til laga um breytingar á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja). Þingskjal 183 — 114. mál.

Álit þetta er ritað að beiðni stjórnar Félags íslenskra barnalækna um ofangreint frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum sem felur í sér að umskurður á drengjum verði gerður refsiverður.

Ég undirritaður er ekki hlyntur umskurði á nýfæddum drengjum og tel að sýnt hafi verið fram á að hugsanlegur heilsufarslegur ávinningur af aðgerðinni sé hverfandi og réttlæti alls ekki að þessar aðgerðir séu gerðar.

Hins vegar get ég ekki stutt frumvarpið þar sem mér finnst það ganga of langt, því með því er verið að setja aðgerðina undir hegningarlög sem ég tel að muni skapa meiri vanda en það leysir.

Ég tel ólíklegt að forleiddrar sem vilja láta umskera nýfædda syni sína af trúarlegum ástæðum láti af því þó svo frumvarpið verði að lögum. Líklegast er að þau fari með þá annað, líklegast til útlanda og láti umskera þá þar, sem eykur líkur á fylgikvillum eftir aðgerðina og að hún sé ekki gerð í svæfingu eða deyfingu.

Það er hlutverk og skylda okkar heilbrigðisstarfsfólks að fræða foreldra um þá fylgikvilla sem hlotist geta af umskurði á drengjum og að ekki sé hægt að réttlæta aðgerðina af heilsufarsástæðum. Með því að gera þessa aðgerð refsiverða hér á landi er líklegt að okkur gefist síður tækifæri til að ræða þetta við foreldra sem vilja láta umskera syni sína og telja þeim hughvarf.

Ég vil jafnframt gera eftirfarandi athugasemdir við greinargerð frumvarpsins:

1) Greinargerðin er mjög gildilshlaðin og sumt er beinlínis ekki rétt, svo sem að alhæfa eftirfarandi:

*Aðgerðin er framkvæmd án deyfingar eða með lítilli deyfingu og sársauki því mikill, börnin fá áfall, sýna einkenni áfallastreituröskunar. Ekki er notast við svæfingar. Börn ýmist gráta ákaflega eða sýna engin viðbrögð. Viðbragðsleysi barna hefur verið útskýrt með því að börn séu ekki farin að skynja sársauka svo ung. Rannsóknir hafa leitt í ljós að viðbragðsleysið sé áfallsviðbragð, eins konar stjarfi.*

2) Ég vil líka gera athugasemd við orðalagið "umskurð kvenna" í greinargerðinni því á ensku er sá verknaður kallaður "female genital mutilation" í fræðigreinum um þetta efni. Í greinargerðinni stendur m.a. *Á 131. löggjafarþingi voru með lögum nr. 83/2005 samþykktar breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, þess efnis að banna umskurð á kynfærum stúlkna (67. mál). Umskurður á kynfærum stúlkna telst samkvæmt almennum hegningarlögum til líkamsárásar samkvæmt ákvæði 218. gr. Þetta orðalag orkar einnig tvímælis í ljósi þess að í hegningarlögunum er hvergi talað um umskurð kvenna í þessu sambandi.*

Að lokum við ég benda á að ábyrgð foreldra og hlutverk okkar heilbrigðisstarfsfólks, verði frumvarpið að lögum, hafa ekki verið rædd sem skyldi.

- Verða foreldrar taldir meðsekir láti þau umskera barnið sitt, hvort sem það er gert hér á landi eða erlendis ? Þetta er nokkuð sem komið hefur fram í umræðunni um frumvarpið. Hefur verið fengið lögfræðialit á því ?


- Ef niðurstaðan verður sú að foreldrar verði talin meðábyrg, höfum við heilbrigðisstarfsfólk þá ekki skyldu að tilkynna til barnaverndaraðila eða kæra þau til lögreglu ef við komumst að því að drengur hafi verið umskorinn ? Verður það til þess að foreldrar þessara drengja muni forðast að fara með þá í ungbarnaeftirlit og leita með þá til læknis þegar þörf er á ?

- Ef drengur fæðist hér á landi og sterkur grunur er um að foreldrar muni láta umskera hann, verknaður sem varðar allt að sex ára fangelsi verði frumvarpið að lögum, ber okkur heilbrigðisstarfsfólki þá ekki að tilkynna það til

barnaverndaraðila og að kyrretja beri barnið á meðan verið er að kanna hvort öruggt sé að útskrifa það, líkt og gert er þegar t.d. móðir á við fíkniefnavanda að stríða ?

Tel ég að mun meiri umræða þurfi að fara fram áður en frumvarpið verður lagt fram á Alþingi.

Virðingarfyllst,



Þóroddur Þórkelsson  
yfirlæknir Vökudeildar Barnaspítala Hringisins